

Skýrsla orlofsnefndar húsmæðra í Kópavogi fyrir starfsárið 2024-5 flutt á aðalfundi KSK mánudaginn 14. apríl 2025.

Nefndarmenn eru: Guðrún S. Viggósdóttir, formaður frá Freyju, Guðrún Helgadóttir, gjaldkeri frá Freyju, Rósa Jóhannsdóttir, ritari frá Félagi kvenna Kópavogi og Sigríður Kristinsdóttir, meðstjórmandi frá Félagi kvenna Kópsvogi.

Nefndin fundaði stíft fyrripart ársins við undirbúning ferða, s.s. upplýsingaleit, óska eftir tilboðum og vinna úr þeim, setja saman ferðir, auglýsa ferðir, taka á móti fyrirspurnum, taka á móti umsóknum, flokka umsóknir og skila á réttan stað, samskipti við ferðasala og fleira. Nefndarkonur eru sífellt í leit að nýjum skemmtilegum áfangastöðum og hafa t.d. sl. ár mætt á kynningu í Kórnum sem nefnist „Mannamót Markaðsstofa landshlutanna“. Þetta er árleg ferðakaupstefna sem haldin er af Markaðsstofum landshlutanna. Kaupstefnan sem var 16 janúar sl er kynningarvettvangur ferðapjónustunnar á landsbyggðinni. Þessar kynningar hafa reynst nefndinni vel við hugmyndavinnu og skipulagningu ferða innanlands.

Farnar voru 6 ferðir á árinu, 2 innanlands og 4 á erlenda grundu. Fyrsta ferð ársins 2024 var Spánarferð 07. – 21. maí, eyjan Tenerife varð fyrir valinu. Aðeins voru 14 konur sem tóku þátt í ferðinni en við heyrðum að tímasætning ferðarinnar hafi haft áhrif á þátttökuna að konur vilja frekar fara til sólarlanda meðan hér er snjór og hálka. Nefndin mun hafa það í huga eftirleiðis.

Næsta ferð var dagsferð 20. Júní á Blönduós. Brottför var 09:00 að morgni og 25 konum ekið til Blöndóss með góðum stoppum fyrst í Borgarnesi og síðan í Staðarskála Hrutafirði. Á Blönduós beið okkar kjötsúpa í anda Fjalla-Eyvindar í Eyvindarstofu en útlit hennar er í stíl Eyvindahellis, gestir upplifa sig í heimkynnum útilegumannsins á Hveravöllum. Veggir, gólf og aðrir innanstokks munir eru færðir í stílinn og stemmingunni miðlað með hljóði sem minnir á hálendið, hverina og snarkið í eldinum. Sögunum af Fjalla-Eyvindi er miðlað með myndefni og textum. Síðan var farið að sveitabænum Hólabaki í Húnavatnshreppi. Þar tók á móti okkur listakonan Elín Aradóttir. Meðfram búskapnum hafa hjónin á Hólabaki opnað Sveitaverslun með vörur fyrirtækis síns sem hefur framleitt hágæða vefnaðarvöru. Hönnun Elínar byggir á beinni skírskotun til náttúru norðurslóða sem gaman var að skoða og fræðast um.

Næst var Dagsferð á Snæfellsnes/Grundarfjörður 03. Júlí. Það voru 40 konur sem fóru. Stoppað var í Borgarnesi og haldið síðan til Langaholts, þar höfðum við pantað Sjávarréttu súpu hjá vertinum Kela sem er rómaður kokkur. Þegar mætt var á staðinn var enginn Keli heldur einhverjir sem greinilega kunnu ekki til verka því súpan var verri en nokkur orð fá líst og mikil vonbrigði.

Leiðsögumaðurinn Olga kom þar í rútuna og var með okkur um Snæfellsnesið með fræðslu. Farið var yfir Fróðárheiðina til Ólafsvíkur og stoppað í handverkshúsi á staðnum. Síðan til Grundarfjarðar og þar var heimsótt gallerý listamannsins Lúðvíks sem heggur út í grjót alls konar listaverk og furðuverur. Síðan farin Vatnaleiðin og í kaffi „Hjá góðu fólki ehf“ sem er lítið fjölskyldufyrirtæki með t.d ræktun á kryddjurtum, salati og ætum blómum ásamt handverki úr héraði.

Næsta ferð var til Frakklands, 6 daga ferð 07.-12. ágúst um Normandí og endað í heimsborginni París, það voru 39 konur sem fóru.

Síðan var það Tékkland, 6 daga ferð 11.-16 október, um Prag og Karlstej, 29 konur sem fóru

Síðasta ferð ársins 2024 var til Skotlands, 5 daga Jólaferð til Edinborgar höfuðborgar Skotlands 22.-26. nóvember þar voru 38 konur sem fóru.

Einnig hafði nefndin skipulagt ferðir til Vestmannaeyja og til Vestfjarða sem voru felldar niður vegna ónógar þátttöku. Þetta voru því 185 konur sem fóru í ferðir orlofsnefndar á árinu.

Í byrjun nóvember sendi nefndin bréf á 6 ferðaskrifstofur og óskaði tilboða í ferðir fyrir árið 2025.



Guðrún S. Viggósdóttir formaður